

Framtíðarhlutverk Gamla skóla

Könnun gerð í september og október 2018

Október 2018
Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi

Efnisyfirlit

Framtíðarhlutverk Gamla skóla.....	3
Spurning 1: Búseta?	4
Spurning 2: Telur þú að það eigi að auglýsa húsnæðið til sölu?	5
Spurning 4: Hvaða starfsemi telur þú að eigi best heima í húsnæði „Gamla skóla“?.....	7

Framtíðarhlutverk Gamla skóla

Á 878. fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 20. september 2018 var bókað:

Á 877. fundi byggðaráðs þann 13. september 2018 var eftirfarandi bókað:

"Undir þessum lið kom á fund byggðaráðs Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi, kl. 13:09. Til umræðu og undirbúningur fyrir fyrirhugaðan íbúafund um "Gamla skóla" og framtíðarhlutverk hans.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela upplýsingafulltrúa að koma með inn á næsta fund byggðaráðs tillögu að könnun til íbúa um hvert framtíðarhlutverk húsnæðisins ætti að vera. "

Með fundarboði byggðaráðs fylgdi tillaga að rafrænni könnun um ofangreint málefni.


Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirbyggjandi tillögu að könnun með áorðnum breytingum sem gerðar voru á fundinum."

Könnunin var framkvæmd í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey og var opin frá 25. september til og með 5. október 2018. Könnunin var birt á heimasíðu og facebooksíðu sveitarfélagsins og var öllum opin þátttaka. Hérna á eftir eru helstu niðurstöður hennar birtar.

Alls bárust 204 svör.

Spurning 1: Búseta?


Svarmöguleikar	Svör	
620 eða 621	86%	176
Annað	14%	28



Stærstur hluti þeirra sem svara er búsettur í Dalvíkurbyggð.

Spurning 2: Telur þú að það eigi að auglýsa húsnæðið til sölu?


Svarmöguleikar	Svör	
Já	14%	29
Nei	80%	164
Veit ekki	3%	6
Svara ekki	1%	3
Annað	1%	2



Eins og sést hérna telur yfirgnæfandi meirihluti svarenda að ekki eigi að auglýsa húsnæði Gamla skóla til sölu.

Spurning 3: Telur þú að Dalvíkurbyggð eigi að sækjast eftir því að eignast húsnæðið 100% og reka húsnæðið „Gamla skóla“ áfram?

Svarmöguleikar	Svör	
Já	76,96%	157
Nei	13,73%	28
Veit ekki	5,39%	11
Svara ekki	2,45%	5
Annað	1,47%	3




Yfirgnæfandi meirihluti svarenda telur að Dalvíkurbyggð eigi að sækjast eftir því að eiga og reka húsnæði Gamla skóla áfram.

Spurning 4: Hvaða starfsemi telur þú að eigi best heima í húsnaði „Gamla skóla“?

Þessi spurning var opin spurning. Alls bárust 174 svör sem hérna hafa verið flokkuð niður til frekari glöggvunar. Athugið að hvert svar getur innihaldið fleiri en eina tillögu og því eru svörin í heildina fleiri en svörin við spurningunni.

Svara	174	85%
Sleppa	30	15%



Eins og sést hérna þá telja flestir svarendur að safnastarf eigi best heima í húsnaði Gamla skóla. Næst þar á eftir eru smiðjur, einhverskonar fræðslu- eða menntastarf, sýningar, vinnustofur og iðja.